



Selfossi 18.ágúst 2022

Fundargerð stjórnar

1. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* kjörtímabilið 2022-2026 haldinn fimmtudaginn 18. ágúst 2022, kl. 14.00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla S. Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 14.00.

1. **Kjör varaformanns og ritara**

Árni Eiríksson var kjörinn varaformaður og Fjóla Kristinsdóttir ritari með samþykki allra stjórnarmanna og stjórn samþykkir jafnframt að Unna Björg Ögmundsdóttir riti stjórnarfundum.

2. **Stutt kynning á slökkviliðinu**

Pétur kynnti starfsemi Brunavarna Árnæssýslu í máli og myndum.

3. **Erindisbréf stjórnar**

Pétur kynnti erindisbréf stjórnar Brunavarna Árnæssýslu frá 2018.

4. **Samþykktir Brunavarna Árnæssýslu**

Pétur kynnti samþykktir stjórnar Brunavarna Árnæssýslu frá 2013. Stjórn er sammála um að vinna þurfi að endurskoðun á samþykktunum.

5. **Reglur um viðskipti við tengda aðila**

Pétur kynnti nýjar reglur um viðskipti við tengda aðila. Stjórn samþykkir reglurnar.

6. **Launamál**

Unna fór yfir breytingar á launamálum slökkviliðsmanna sem komu til árið 2022 en voru ekki áætlaðar í fjárhagsáætlun fyrir árið. Þar er helsti kostnaðaraukinn þrekálag til allra slökkviliðsmanna sem hafa staðist læknisskoðanir og þrekpróf og er áætlaður launakostnaður ársins 2022 vegna þess um 24 milljónir króna. Einnig var gefið út starfsmat fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn í febrúar sem var afturvirktilt til 1.apríl 2020 og var

Fsk
H.K.
V.B.
L.H.
B.S.
L.H.

kostnaður við þá leiðréttingu rúmar 5 milljónir króna.

Nú er að hefjast vinna við launaáætlun fyrir árið 2023. Launatafla fyrir árið 2023 er ekki tilbúin. Stjórn leggur til að gera ekki ráð fyrir hækkun á launalið en viðauki við fjárhagsáætlun verði lagður fyrir Héraðsnefnd þegar launataflan liggur fyrir.

7. **Fjárhagsáætlun BÁ 2022 og vinna vegna 2023**

Pétur kynnti lög og reglugerðir um starfsemi slökkviliða m.a. varðandi mannafla. Í fjárhagsáætlun er rakin saga um hvernig ráðning dagvinnumanna hefur verið háttað og framtíðarsýn samhliða fjölgun íbúa.

8. **Kaup á nýjum dælubíl v Hveragerðisstöðvar**

Pétur kynnti kaupsamning vegna dælubíls fyrir Hveragerðisstöð sem væntanlegur er í lok árs 2023. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 var gert ráð fyrir lántöku vegna bílsins fyrir 50 milljónir króna en miðað við gengi dagsins í dag mun hann kosta um 84 milljónir. Ekki þarf að greiða bílinn fyrir en við afhendingu og taka þarf ákvörðun um fjármögnun. Stjórn samþykkir að fresta lántöku til ársins 2023 og að þá verði lán tekið fyrir öllum kostnaðinum.

9. **Beiðni frá Sólheimum um fjárstyrk**

Pétur lagði fram bréf sem barst frá Sólheimum fyrir í sumar varðandi beiðni um styrk vegna viðgerða á slökkvibíl Sólheima.

Stjórn sér sig því miður ekki fært að verða við beiðninni.

10. **Önnur mál**

a. **Stjórnarlaun** Stjórn frestar þessum lið.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 15:40

Þóro Kristín Elfr
Helga Hjartmann
Þorgerður Elfr
Þorgerður Elfr
Björgur
Lárus Kristinn Guðmundsson
Una Björg Ógunnardóttir
Pétur Petursson